

Sent: miðvikudagur, 18. desember 2019 12:50

To: 'Bjarni Ómar Haraldsson' <bjarniomar1969@gmail.com>

Subject: FW: Áhrif laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á launröðun í leik- og grunnskólum frá og með 1. janúar 2020.

Ágæti viðtakandi

Póstur þessi er sendur á póstlista framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra, launafulltrúa og fræðslustjóra. Vinsamlega áframsendið póstinn eftir því sem við á, t.d. á skólastjórnendur, innan sveitarfélags.

ÁHRIF LAGA NR. 95/2019 Á LAUNARÖÐUN Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM SVEITARFÉLAGA FRÁ OG MEÐ 1. JANÚAR 2020.

Þann 1. janúar n.k. ganga í gildi lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frá og með 1. janúar 2020 munu leyfisbréf í leik- grunn- og framhaldsskóla veita kennurum jafnan rétt til að starfa í leik- grunn- eða framhaldsskóla. Almennt gerist þetta að undangengnu ráðningarferli og mati á hæfi og sérhæfingu viðkomandi kennara til að sinna auglýstu kennslustarfi á viðkomandi skólastigi.

Lögin hafa því áhrif á launasetningu allra þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem hafa leyfisbréf til að starfa í leik- grunn- eða framhaldsskóla sem fram til þessa hafa fengið leyfi til að starfa sem kennarar á viðkomandi skólastigi skv. undanþágu og verið launaraðað í starfsheiti leiðbeinenda skv. kjarasamningi viðkomandi skólastigs.

Í þeim tilvikum sem kennari með leyfisbréf í leik-, grunnskóla og/eða framhaldsskóla er metinn hæfur og er ráðinn í starf eftir 1. janúar 2020 raðast hann í starfsheiti kennara með leyfisbréf skv. kjarasamningi sem í gildi er fyrir viðkomandi skólastig.

Framangreint á einnig við um þá starfsmenn/kennara sem eru ráðnir tímabundið til kennslustarfa skólaárið 2019 – 2020 og hafa leyfisbréf í leik- grunn- og/eða framhaldsskóla að röðun þeirra tekur breytingum frá og með 1. janúar 2020.

Dæmi um grunnröðun í starfsheiti innan leikskóla:

Starfsheiti, Leikskólakennari:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Leikskólakennari lfl. 233
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun frá 1. janúar 2020 : Leikskólakennari lfl. 233

Starfsheiti, Deildarstjóri:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Deildarstjóri lfl. 235
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun frá 1. janúar 2020 : Deildarstjóri lfl. 235

Starfsheiti, Sérkennslustjóri:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Sérkennslustjóri lfl. 236
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Sérkennslustjóri lfl. 236

Dæmi um grunnröðun í starfsheiti innan grunnskóla:

Starfsheiti, Grunnskólakennari:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í leikskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Grunnskólakennari lfl. 233
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun frá 1. janúar 2020 : Grunnskólakennari lfl. 233

Starfsheiti, Umsjónarkennari:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í leikskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Umsjónarkennari lfl. 235
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun : : Umsjónarkennari lfl. 235

Starfsheiti, Verkefnisstjóri 1:

- a. Kennari með leyfisbréf til kennslu í leikskóla – Röðun frá 1. janúar 2020 : Verkefnisstjóri 1 lfl. 238
- b. Kennari með leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla – Röðun frá 1. janúar 2020: Verkefnisstjóri 1 lfl. 238

Í kjarasamningi grunnskólakennara er sem dæmi fjallað um ráðningarsamning í grein 14.3. en þar segir:

„Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður við starfsmann við upphaf ráðningar.“

Í skýringarkassa við greinina segir jafnframt: „Starfsheiti kennara í ráðningarsamningi er grunnskólakennari en grunnlaunaflokkur getur verið breytilegur frá einum tíma til annars í samræmi við starfaskilgreiningu viðkomandi hverju sinni, sbr. gr. 1.3.1. Starfaskilgreining er ákveðin fyrir upphaf hvers skólaárs með sérstökum vinnuskýrslum.“

F.h. Kjarasviðs sambandsins

Bjarni Ómar



Bjarni Ómar Haraldsson

sérfræðingur á kjarasviði

Beint innval: 515 4927

Netfang: bjarni.omar.haraldsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is
